



## Fundargerð

### 517. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 26. mars 2025.

#### Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Elín Heiða Valsdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan, 9.00.

Oddviti lagði fram eftirfarandi breytingar á dagskrá fundarins:

*Tekin yrði á dagskrá fundargerð Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 25. mars 2025 og yrði fundargerðin liður 2 á dagskrá fundarins, aðrir liðir færðust niður.*

*Tekin yrði á dagskrá viljayfirlýsing vegna fjármögnunar á göngum í gegnum Reynisfjall og yrði viljayfirlýsingin liður 16 á dagskrá fundarins.*

Voru þessar breytingar á dagskrá fundarins samþykktar í einu hljóði.

#### Fundargerðir:

1. 2503001F - Skipulags- og umhverfiráð Skaftárhrepps - 6

*Lögð fram fundargerð 6. fundar Skipulags- og umhverfiráðs frá 13. mars 2025*

- 1.1 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

#### Niðurstaða Skipulags- og umhverfiráð Skaftárhrepps - 6

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir Skipulags- og umhverfiráð Skaftárhrepps samhljóða, tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum sveitarstjórnar.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum sveitarstjórnar. SHJ tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu sjá hér að neðan.**

*Sveinn Hreiðar Jensson lagði fram eftirfarandi yfirlýsingu vegna vanhæfis*

*„Ég, Sveinn H Jensson fulltrúi XD og óháðra lýsi hér með yfir vanhæfi mínu til þátttöku í meðferð og afgreiðslu máls er varðar samþykkt aðalskipulags sveitarfélagsins.*

*Ástæða vanhæfis er sú að fyrirtækin Bær ehf. (Hótel Klaustur) og Fasteignafélagið Skerjavellir ehf þar sem ég gegni stöðu framkvæmdastjóra, hefur komið að málinu með því að leggja fram*

SHJ  
1630  
EHW



athugasemd við skipulagstillöguna. Með vísan til 3. gr. stjórnáskrár nr. 37/1993, sbr. 1. mgr, tel ég að aðstæður séu uppi sem séu til þess fallnar að draga óhlutdrægni mína í efa, og vík því sæti við umfjöllun og afgreiðslu málsins.

Ég undirritaður, fulltrúi XD og óháðra í sveitarstjórn Skaftárhrepps, lýsi yfir hjásetu við afgreiðslu tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023–2043, og set fram eftirfarandi umsögn:

1. Skortur á framtíðarsýn og samráði við lykilhagsmunaaðila. Ég tel að vöntun sé á heildstæðri framtíðarsýn í skipulaginu, sérstaklega hvað varðar íbúðaruppbyggingu á Kirkjubæjarklaustri og nýtingu lands í eigu einkaaðila. Landeigendur á Kirkjubæ og Hæðargarði hafa lýst vantrausti á ferlið og gagnrýnt skort á vandaðri útfærslu og samráði. Það eitt og sér er verulegur áfellisdomur yfir málsmeðferðinni.

2. Mikið ósamræmi við uppbyggingarþörf. Sveitarstjórn hefur samþykkt stórar hótélbyggingar í aðalskipulagi sínu og fyrirhuguð er umfangsmikil uppbygging á vegum EP Power Minerals á Mýrdalssandi. Samtímis hefur ekki verið tryggt nægt framboð íbúðarhúsnæðis á Kirkjubæjarklaustri. Ég tel brýna nauðsyn á að gera ráð fyrir tugum nýrra íbúða, sérstaklega ef horft er til fyrirbyggjandi atvinnuuppbyggingar, en ekki síst til þess uppsafnaðs vanda sem fyrir er. Að okkar mati er tillagan ekki í stakk búin til að mæta þeirri þörf.

3. Takmarkanir á uppbyggingu vegna ósættis við landeigendur. Það er ekki sjálfgefið að sveitarfélagið geti hraðað uppbyggingu íbúða innan Kirkjubæjarklausturs ef sveitarfélagið nær ekki samkomulagi við landeigendur. Ólík sýn á þróun byggðar getur tafið eða hindrað framkvæmdir, sem getur haft veruleg áhrif á framtíðarþróun svæðisins.

4. Órökstudd niðurstaða varðandi Hæðargarð. Ég tel að rök sveitarfélagsins gegn uppbyggingu í landi Hæðargarðs standist ekki skoðun. Svæðið er í næsta nágrenni við núverandi innviði og þjónustu, og aðgengi að vatni, rafmagni og öðrum innviðum er mögulegt með hóflegum tilkostnaði. Sveitarfélagið hefur hvorki sýnt fram á skort á hagkvæmni, verulega annmarka á staðsetningu, né því að þörf fyrir framtíðaríbúðarsvæði hafi breyst frá því að svæðið var sett inná aðalskipulag. Útilokun svæðisins er því illa rökstudd.

5. Umferðaröryggi og staðsetning byggðar. Með fyrirhugaðri uppbyggingu hverfis norðaustan Geirlandsvegar munu skólabörn og íbúar þurfa að þvera Geirlandsveg, þar sem bæði eru ferðamannastaðir og 70+ herbergja hótél. Það er ekki ásettannlegt að halda því fram að einungis uppbygging norðan við Skaftá tryggi umferðaröryggi. Einfalt væri að tryggja öruggar gönguleiðir, m.a. með göngubrúum eða göngugötum undir Landbrotsveg og þjóðveginn við Skaftárbrú.

Ég tel að óskýr framtíðarsýn, skortur á samráði við landeigendur og vöntun á rökstuddri forgangsröðun við uppbyggingu geri það að verkum að ekki sé forsvaranlegt að samþykkja tillöguna með núverandi útfærslu. Af þessum ástæðum vík ég af fundi við afgreiðslu málsins.

AS  
Shi. Mh  
GOS



- 1.2 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn málið fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
- 1.3 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðapjónusta  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
- 1.4 1906004 - Deiliskipulag Efri Ey II og III  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
- 1.5 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
- 1.6 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**
- 1.7 2409004 - Giljaland, breyting á deiliskipulagi  
**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**  
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**

85. Ar  
Shi. Ar  
1632 GPR  
Eku



1.8 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**

1.9 2502007 - Hrífunes-Breyting á fjárhúsi í gistihús-fyrirspurn um byggingaráform

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**

1.10 2503005 - Merkjalýsing-Sjónarhóll

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að merkjalýsingin verði samþykkt.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir í einu hljóði fyrirbyggjandi merkjalýsingu.**

1.11 2503006 - Efri Vík-óveruleg breyting á deiliskipulagi

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fallið verði frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, en fyrir liggur samþykki landeiganda.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**

1.12 2503007 - Kindagata 13 breytt afmörkun lóðar

**Niðurstaða Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps - 6**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir samhljóða, breytta afmörkun lóðarinnar.

**Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir í einu hljóði ákvörðun Skipulags- og umhverfisráðs Skaftárhrepps.**

2. 2502006 - Velferðarráð Skaftárhrepps

*Lögð fram fundargerð 7. fundar Velferðarráðs Skaftárhrepps frá 25. mars 2025.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að ráða Elísabetu Gunnarsdóttur sem skólastjóra sameiginlegs leik- og grunnskóla Skaftárhrepps frá og með 1. ágúst 2025.**

QC Sni H  
1633 SES  
EHW



3. 2503021 - Byggingarnefnd Skaftárhrepps  
*Lögð fram fundargerð 3. fundar Byggingarnefndar Skaftárhrepps frá 27. febrúar 2025.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
4. 2503014 - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
*Lögð fram fundargerð 619. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 7. mars 2025.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
5. 2503015 - Bergrisinn bs.  
*Lögð fram fundargerð 82. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 24. febrúar 2025.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
6. 2503016 - Markaðsstofa Suðurlands  
*Lögð fram fundargerð 6. stjórnarfundar Markaðsstofu Suðurlands frá 13. janúar 2025 ásamt starfsáætlun 2025.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
7. 2503017 - Markaðsstofa Suðurlands  
*Lögð fram fundargerð 7. stjórnarfundar Markaðsstofu Suðurlands frá 14. febrúar 2025.*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**
  
8. 2503019 - Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum  
*Lögð fram fundargerð 79. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 26. febrúar 2025*  
**Fundargerðin lögð fram til kynningar.**

#### **Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu**

9. 2503013 - Minjastofnun Íslands  
*Lagt fram bréf dagsett, 12. mars 2025 frá Minjastofnun Íslands þar sem greins er frá því að Skaftárhreppur fékk 1.000.000 krónur í styrk til að gera húsakönnun í gamla Álftavershreppi.*  
**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Húsakönnun í Álftavershreppi hinum forna er upphafið á verkefni sem mun ná yfir allt sveitarfélagið. Verkefnið tekur til könnunar á húsnaðum og sögu hverjar jarðar fyrir sig ásamt fleiri atriðum. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við GINGA teiknistofu um húsakönnun í gamla Álftavershreppi.**

Shi. Al.  
SPS  
EKW



10. 2503012 - Fornleifafræðistofan

*Lagt fram bréf dagsett, 14. mars 2025 frá Fornleifafræðistofunni, þar sem sótt er um styrk vegna fornleifarannsóknna í Arfabót á Mýrdalssandi.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að veita Fornleifafræðistofunni krónur 400.000 í styrk vegna fornleifarannsóknna í Arfabót. Styrkurinn er tekinn af deild 0543/9191.**

11. 2503018 - Landsbyggðin lifi

*Lagt fram bréf dagsett, 4. mars 2025 frá samtökunum Landsbyggðin lifi þar sem leita er eftir samstarfi við Skaftárhrepp vegna verkefnisins Coming, Staying, Living, Ruralizing Europe.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að taka þátt í verkefninu Coming, Staying, Living, Ruralizing Europe og að Auður Guðbjörnsdóttir og Björn Helgi Snorrason verði fulltrúar Skaftárhrepps í verkefninu.**

12. 2503009 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. mars 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Hrisnes ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C Minna gistiheimili. Staðsetning gististaðarins er Stóratórfa 1, Hrífunesi.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

13. 2502032 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

*Lagt fram erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. febrúar 2025, umsagnarbeiðni vegna gistileyfis Steinar Resort ehf. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II-D Gistiskáli. Staðsetning gististaðarins er Heiðarsel 2.*

**Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.**

14. 2503020 - Sinfóníuhljómsveit Íslands

*Lagt fram bréf ódagsett frá Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem óskað er eftir samsarfi við sveitarfélagið vegna verkefnisins Sinfó í sundi þann 29. ágúst næstkomandi.*

**Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að taka þátt í verkefninu Sinfó í sundi þann 29. ágúst næstkomandi og felur forstöðumanni íþróttamannvirkja að vinna að verkefninu.**

Shi. Al. JG.  
GPS  
EHW  
1635



Oddviti lagði til að fundinum yrði lokað undir lið 15, var það samþykkt í einu hljóði.

15. 2503022 - Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu

*Þjónustusamningur á milli USVS, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn samþykkir í einu hljóði að fela sveitarstjóra að vinna málið áfram eins og fram kom á fundinum.**

16. 2503024 - Viljayfirlýsing vegna fjármögnunar á göngum í gegnum Reynisfjall

*Lögð fram viljayfirlýsing sem er gerð á milli Summu rekstrarfélags hf., f.h. innviðasjóða í rekstri félagsins og sveitarfélaganna Mýrdalshrepps, Skaftárhrepps og Hornafjarðar.*

**Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 11:55.

  
Johannes Gissurarson

  
Elín Heiða Valsdóttir

  
Gunnar Pétur Sigmundsson

  
Auður Guðbjörnsdóttir

  
Sveinn Hreiðar Jensson